

Hvanneyri, 14. mars 2011

## Starfsskýrsla fyrir Yndisgróður 2010

### Inngangur

Verkefnið Yndisgróður (Yg) hófst formlega 1. júlí 2007 og er því á sínu fjórða starfsári. Þegar í upphafi verkefnisins var skipaður stýrihópur sem samanstendur af hagsmunaaðilum og fagaðilum á sviði garð- og landslagsplantna. Eftirtaldir aðilar mynda stýrihópin: Áslaug Helgadóttir LbhÍ formaður stýrihóps, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Halldór Sverrisson Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins, Guðmundur Vernharðsson Félagi garðplöntuframleiðenda, Ólafur Njálsson Cand. Agric., Eva Þorvaldsdóttir og Hjörtur Þorbjörnsson Grasagarði Reykjavíkur, Úlfur Óskarsson LbhÍ og Samson B. Harðarson LbhÍ. Fundað hefur verið tvisvar sinnum á síðastliðnu starfsári, sjá fundarskýrslur.

Verkefnisstjóri Yndisgróðurs er Samson B. Harðarson og hefur um 25% af fullu starfi hans við LBHÍ verið unnið við Yndisgróður. Samson hefur aðsetur á Keldnaholti. Lena Rut Kristjánsdóttir kom inn sem sumarstarfsmaður 2010 í fjarveru Önnu Sifjar Ingimarsdóttur. Anna Sif starfaði við verkefnið 2008 – 2009 og er komin aftur í 50% stöðu eftir barnseignaleyfi á árinu 2010. Anna Sif hefur sína starfsbækistöð á Keldnaholti í Reykjavík og sinnir skráningu í gagnagrunn og teiknigrunna, vinnu við heimasíðu, skipulag og hönnun klónasafna, auk ýmissa daglegra starfa. Ýmsir aðrir starfsmenn landbúnaðarháskólans hafa einnig unnið að ýmsum verkefnum er snýr að verkefninu.

Verkefnið Yndisgróður hefur verið unnið samkvæmt markmiðum verkefnislýsingar eins og hún birtist í umsókn til framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

### Markmið 1

*Að skilgreina og afmarka þann efnivið sem vinna skal með og gera flokkaðan lista mikilvægra tegunda:*

1. Skilgreina **flokka mikilvægra tegunda** eftir formgerð og notkunareiginleikum fyrir mismunandi notkun/gróðureindir.
2. Skilgreina **kröfur til eiginleika** sem gerðar eru til mikilvægra tegunda í ræktun á Íslandi, s.s. með tilliti til langlífis, heilbrigðis og hversu vel þær henta við uppbyggingu á grænum svæðum.

Grunnur að þessum hluta verkefnisins var lagður þegar í upphafi verkefnisins en hefur verið í stöðugri endurskoðun eftir því sem fram vindur í stöðu upplýsinga og þekkingar sem verkefnið gefur.

## Markmið 2

Að **skrásetja** yrki og **kvæmi** valdra tegunda sem ræktaðar eru með góðum árangri **hérlandis**, lýsa mikilvægum eiginleikum og að **skilgreina** íslensk yrki mikilvægra tegunda.

Stöðugt fleiri tegundir og yrki eru skráð í gagnagrunn Yndisgróðurs, bæði þeim sem safnað er í klónasöfn (sjá næsta lið) og önnur sem ástæða þykir að skrásetja. Árið 2010 voru skráð tæplega 130 ný yrki í gagnagrunn og eru því skráð yrki nú um 500 talsins. Einnig var öllu númerakerfinu á Reykjum og Sandgerði snúið við til þess að númer plantnanna myndu fá eðlilegt flæði eftir að nýjum gróðurbeðum var bætt við á báðum þessum stöðum.

Þær tegundir sem mest vægi fá sem mikilvægar tegundir samkvæmt markmiði 1. eru settar á **lista Yndisgróðurs yfir meðmæltar tegundir yrkja og kvæma** sem birtur er á heimasíðu verkefnisins <http://yndisgrodur.lbhi.is/>. Nánari umfjöllun má sjá í skýrslu fyrsta starfsárs. Nú er á þessum lista um 74 yrki plantna en ráðgert er að fjölga þeim um 20-30 fyrir vorið 2011.

Starf Yrkisnefndar Yndisgróðurs sem stofnuð var í byrjun árs 2009 hefur gengið vel. Nú eru langt á veg komnar 20 fræðilegar lýsingar á jafn mörgum plöntuyrkjum, m.a. byggðar á vettvangsrannsóknnum í safn Yndisgróðurs á Reykjum. Gert er ráð fyrir að hægt verði að birta lýsingarnar á prenti vorið 2012.

## Markmið 3

Að **safna og rannsaka** yrki plantna í skilgreindum hópi mikilvægra tegunda og **leggja grunn** að úrvalsplönturannsóknum.

1. Að koma upp **klónasafni** til varðveislu allra helstu yrkja sem eru í ræktun **hérlandis**.
2. Að gera rannsóknir á **yrkjum** mikilvægra **innlendra** tegunda.
3. Að koma í ræktun **nýjum yrkjum**, **kvæmum** og **tegundum** mikilvægra **erlendra** plantna.

### Yndisgarðar

Eitt helsta verkefni Yndisgróðurs frá upphafi hefur verið að koma upp klónasöfnum, sýnis- og tilraunareitum á nokkrum stöðum um landið sem við kjósum að kalla Yndisgarða. Yndisgarðar hafa þrjú þættan tilgang, að vera sýnireitir fyrir fagfólk og almenning, að vera tilraunareitir fyrir samanburðarrannsóknir og klónasöfn til varðveislu plöntutegunda. Í flestum tilfellum eru þrjár plöntur gróðursett af hverju yrki. Yndisgarðarinnir hafa það hlutverk að sýna hvaða plöntur henta til notkunar á mismunandi veðurfarssvæðum. Nánari umfjöllun um tilgang klónasafna, sýnis- og tilraunareita má sjá í starfsskýrslu frá árinu 2009.

Stofnaðir hafa verið tveir nýir Yndisgarðar á starfsárinu 2010, í Fossvogi í Kópavogi og í Laugardal í Reykjavík. Fyrir voru komnir upp Yndisgarðar á starfsstöð LBHÍ á Reykjum í Ölfusi, í Sandgerði og Blönduósi.

## Yndisgarður á Reykjum í Ölfusi

Yndisgarðurinn á Reykjum er klónasafn þar sem varðveittar eru arfgerðir tegunda sem ástæða þykir að varðveita og annars gætu farið forgörðum, fyrir seinntíma rannsóknir og móðurplöntuefniviður til fjölgunar. Klónasafnið á Reykjum er elstur Yndisgarðanna. Þar var jarðvegur undirbúinn fyrir gróðursetningu haustið 2007 og voru gróðursett 140 yrki vorið eftir. Haldið var áfram með gróðursetningu á Reykjum vorið 2009 þegar 170 yrki voru gróðursett. Sumarið 2010 voru 59 yrki gróðursett og eru nú alls þar 329 yrki.

Staðsetning Yndisgarðsins á Reykjum er talinn vera lýsandi fyrir skilyrði efri byggða á Suðurlandi og í nýrri og ógrónari hverfum á höfuðborgarsvæðinu (landrænni hluta svæðis A og svæði B á Suður- og Suðvesturlandi).



Mynd 1. Klónasafnið á Reykjum 2010. Mynd: Samson B. Harðarson



Mynd 2. Klónasafnið á Reykjum 2010. Mynd: Samson B. Harðarson

### Yndisgarður á Blönduósi

Yndisgarðurinn á Blönduósi er við suðurenda íþróttasvæðis bæjarbúa. Við hönnun reitsins var leitast við að gera notalegan garð með fjölbreyttum og fallegum gróðri, þar sem fólk geti notið útiveru. Árið 2009 voru 78 yrki gróðursett á Blönduósi og svo 10 yrki sumarið 2010, alls 88 yrki. Blönduós getur verið lýsandi veðurfarssvæði fyrir Norðvesturland og ytri byggðir á Vestur-, Norður- og Austurlandi (svæði C og D).

Haldinn var opinn dagur í garðinum á Húnavöku 17. júlí þar sem gestum var kynntur garðurinn gefinn bæklingur um garðinn. Einnig hefur bæklingur legið frammi á bæjarskrifstofum Blönduósbæjar.

Teknar hafa verið 2 myndasýrpur af öllum plöntum sumarið 2010.



Mynd 3. Yndisgarðurinn á Blönduósi Mynd. Samson B. Harðason



Mynd 4. Yndisgarðurinn á Blönduósi Mynd. Nína

### Yndisgarður í Sandgerði

Yndisgarðurinn í Sandgerði er í námunda við framtíðar útivistarsvæði bæjarbúa „Gryfjuna” sem er staðsett norðan og ofan við bæinn og getur því orðið skemmtileg og áhugaverð viðbót við útivistarsvæðið. Heilmikil vinna var lögð í jarðvegsundirbúning fyrir Yndisgarðinn þar sem að jafna þurfti landið og blanda jarðveg sérstaklega. Fyrsta gróðursetning var sumarið 2009 þegar um 90 yrki voru gróðursett en sumarið 2010 þar gróðursett 48 yrki, eru því yrkin alls orðin 137. Meðal annars voru gróðursett 14 yrki af víðitegundum. Enn er pláss fyrir a.m.k. 15 yrki í núverandi beðum. Sandgerði getur verið lýsandi fyrir veðurfar meðfram Suðvestur- og Suðurströnd landsins (hafrænni hluta svæðis A).

Mikil vandræði hafa verið vegna þurrka sumar og vetur 2009-2010.

Haldinn var opinn dagur á Sandgerðisdögum 29 ágúst þar sem gestum var kynntur garðurinn og gefinn bæklingur um garðinn.

Teknar hafa verið 3 myndasýrpur af nær öllum plöntum sumarið 2010.



**Mynd 3.** Yndisgarðurinn í Sandgerði. Fyrir miðri mynd sjást Hreggstaðavíðir (ryðgaður), Grásteinavíðir þar til hægri, svo Rökkurvíðir og loks Skuldarvíðir sem allir eru alveg eða nær alveg lausir við ryð. Mynd. Samson B. Harðason

### Yndisgarður í Laugardal

Árið 2009 var byrjað að gróðursetja ýmis rósayrki og finnsk úrvalsyrki af ýmsum tegundum í reit í Laugardal í Reykjavík sem kallaður Rósagarðurinn í Laugardal. Í upphafi var þetta samvinnuverkefni Rósaklúbbsins og Reykjavíkurborgar en á árinu 2010 var ákveðið að þetta verkefni færi undir hatt Yndisgróðurs. Áætlað var að planta þar 180 yrkjum og hefur 160 nú þegar verið plantað, þar af 129 yrkjum af rósaætt.



**Mynd 4.** Yndisgarður í Laugardal (Rósagarðurinn) Mynd: Samson B. Harðarson

### Yndisgarður í Fossvogi

Yndisgarðurinn í Fossvogi var formlega vígður í október 2010. Að því tilefni gróðursetti Guðrún Pálsdóttir bæjarstjóri Kópavogs fyrstu plöntuna í garðinn. Samningurinn sem undirritaður var við vígsluna er til tíu ára en með honum leggur bærinn m.a. til land undir Yndisgarðinn, vinnu við gerð garðsins og umhirðu hans. Stefnt er að því að planta 180 til 200 tegundum og/eða yrkjum, alls hátt í sex hundruð plöntum í garðinn. Nú þegar hefur um helmingur þessarra plantna verið gróðursettur og áætlað er að planta því sem eftir er vorið 2011. Yndisgarðurinn í Fossvogi er staðsettur norður af Kjarrhólma og er hluti af stóru trjá- og runnasafni sem afmarkast af Smiðjuvegi, Kjarrhólma, Víkingasvæðinu og gróðrarstöðinni Mörk. Yndisgarðurinn í Fossvogi er á skjólgóðum og gróðursælum stað sem gæti verið lýsandi umhverfi gróinna garða á höfuðborgarsvæðinu (skjólsælli hluta svæðis A).



**Mynd 5.** Guðrún Pálsdóttir bæjarstjóri Kópavogs gróðursetur skrauttreyni í Yndisgarðinum í Fossvogi ásamt Guðmundi Vernharðssyni og Samsoni B. Harðarsyni. Margrét Júlía Rafnsdóttir formaður umhverfisráðs Kópavogs, Friðrik Pálsson garðyrkjustjóri Kópavogs og Vilhjálmur Lúðvíksson formaður Garðyrkjufélags Íslands fylgjast áhugasöm með. Mynd Bent Marínósson.

### **Annað varðandi Yndisgarða**

Samningar við Ísafjarðarbæ höfðu tekist vegna yndisgarðs þar í bæ en ekkert hefur orðið af því vegna aðstæðna hjá bænum. Í Reyðarfirði hafði staður verið valinn fyrir Yndisgarð og fyrsta uppkast af skipulagi garðsins tilbúið en frekari framkvæmdir drógust og þeim frestað, óvíst er um framhaldið. Sótt var um samstarf við Akureyrarbæ á ný með milligöngu Skógræktarfélagi Eyfirðinga og hugsanlega aðkomu þeirra að samstarfinu en ekkert hefur orðið meira af því að sinni. Ekki hafa verið gerðar áætlanir um nýja garða á árinu enn sem komið er.

### **Rannsóknir og tilraunaræktun nýrra tegunda**

Gerðar voru ýmsar vettvangsrannsóknir í gördunum með tilliti til kals, laufgunar, blómgunar og haustunar auk almennra athugana er viðkemur útlitseiginleikum og gæðum á árinu. Einnig voru teknar 2-3 myndaseríur af nær öllum plöntum í öllum gördunum sumar og haust.

Yndisgróður vinnur að því að koma nýjum íslenskum yrkjum á markaðinn og voru 7 ný rósayrki sett í tilraunaframleiðslu á árinu hjá nokkrum garðplöntustöðum.

Sem liður í Norðurslóðaáætlunarverkefninu “New Plants for the Northern periphery market” sem Yndisgróður er þáttakandi í munu 6 íslensk yrki verða reynd hjá samstarfsaðilum og um 20 erlend yrki frá sömu aðilum reynd hérlendis. Nú þegar hefur YG tekið á móti efnivið frá Svíþjóð.

### **Markmið 4**

*Að koma á tengslum milli rannsóknaraðila, hagsmunaaðila og almennings og miðla upplýsingum til hagsmunaaðila og almennings.*

1. *Meðmæltur listi yfir tegundir, yrki og kvæmi sem birtur er á heimasíðu verkefnisins.*
2. *Gerð sýningarða til þess að miðla upplýsingum til almennings og fagaðila.*

Yndisgróður hefur á ýmsan hátt í gegnum heimasíðu með fyrirlestrum og heimsóknum miðlað upplýsingum og myndað tengsl við almenning, samstarfs- og fagaðila.

- Haldin var kynning á Yndisgróðursverkefninu á aðalfundi félags garðplöntuframleiðenda í Skálholti 22. mars 2010.
- Yndisgróður sendi út spurningakönnun í samstarfi NPNP á garðplöntuframleiðendum, garðyrkjumenn og landslagsarkitekta, niðurstöður voru unnar af samstarfsaðilum á Orkneyjum.
- Yndisgróðursverkefnið var kynnt á málþingi á Hönnunardögum 19. mars 2010, Hönnunardagar- hönnunarmars var haldið á vegum Hönnunarmiðsstöðvar Íslands.
- Verkefnisstjóri fór í heimsókn/vettvangsferð til garðplöntustöðvarinnar Sólskóga á Akureyri, skógræktarfélags Eyfirðinga (Jóhann) í Kjarnaskógi og Lystigarðinn á Akureyri dagana 5- 6 maí.
- Dagana 24-25. Maí fór verkefnisstjóri í vettvangsferð á Ísafjörð vegna sýnisgarðs sem áætlað var að gera þar.
- Verkefnisstjóri fór í vettvangsferð í Fjarðarbyggð 28. Maí vegna sýnisgarðs sem áætlað var að gera á Reyðarfirði.
- Haldnir voru opnir dagar í Yndisgróðunum á Blönduósi 17 júlí og í Sandgerði 29 ágúst
- Af sama tilefni voru gerðir kynningabæklingar fyrir verkefnið um viðkomandi garð og dreift.
- Lítið hefti/bæklingur var gerður um Yndisgarð á Reykjum fyrir nemendur LbhÍ, hann þarf að endurbæta og gera betur aðgengilegan.
- Grein um Yndisgróður birtist í Bændablaðinu 11. Febrúar 2010.
- Verkefnisstjóri og formaður stýrihóps fóru í fundarferð til Orkneyjar í lok september vegna samstarfsverkefnisins *New Plants for the Northern Periphery Market (NPNP)*. Þar hélt verkefnisstjóri YG opið erindi um garð- og landslagsplöntur á Íslandi.
- Verkefnisstjóri kynnti YG verkefnið í ferð til Færeyja í lok júní í boði Færeyska garðyrkjufélagsins.

Að öðru leiti sjá í umfjöllun á fyrri liðum.

---

Samson B. Harðarson  
Verkefnisstjóri Yndisgróðurs LbhÍ